

10. júní 1985

415

Nr. 234

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Akraness,
nr. 38 17. janúar 1985.

Undir kafla „E-Annað“ í gjaldskránni komi eftirfarandi heimildarákvæði:

E.4

Á hafnarsvæðinu er heimilt að selja rafmagn til skipa samkvæmt blönduðum taxta á þann hátt að allt að 85% notkunar reiknist á hitataxta D1 en a. m. k. 15% notkunar reiknist á taxta B2.

Slík sala er háð samþykki rafveitustjóra, hann skal ákvarða skiptingu milli fyrrnefndra tveggja taxta innan þeirra marka er að framan getur og ganga úr skugga um að hitanotkun sé í samráði við þá skiptingu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraness staðfestist hér með til að taka gildi við birtingu auglýsingar þessarar og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 10. júní 1985.

F. h. r.

Páll Flygenring.

30. maí 1985

Nr. 235

GJALDSKRÁ

fyrir Akranessvæði sbr. reglugerð nr. 191/1985 um
skiptingu heilbrigðiseftirlits á Vesturlandssvæði sbr. og
6. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á svæði heilbrigðiseftirlits skal, samkvæmt lögum nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisreglugerð nr. 45/1972, greiða gjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum skal skipt í 4 flokka eftir gerð og umfangi þeirra í samræmi við fylgiskjal með gjaldskrá þessari.

3. gr.

Fyrir ný rekstrarleyfi samkvæmt gr. 16.1 heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 skal greiða leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs svo sem hér greinir: